

## REGLUGERÐ

### um veiðieftirlitsgjald.

#### 1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald – veiðieftirlitsgjald – fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

#### 2. gr.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990, skal greiða fast gjald 3 300 kr. fyrir fiskveiðitímabilið 1. janúar til 31. ágúst 1991.

#### 3. gr.

Fyrir tilkynningu um aflamark, sem kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra skal greiða gjald sem miðast við úthlutað aflamark af einstökum tegundum metið til þorskígilda samkvæmt verðmætahlutföllum í 5. gr. Gjald fyrir aflamarkstilkynningu skal vera 40 kr. fyrir hvert þorskígildistonn. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark, sem ekki er gefin út samhliða almennu leyfi til veiða í atvinnuskyni, skal þó aldrei vera lægra en 1.000 kr.

#### 4. gr.

Fyrir almennt leyfi til veiða með dragnót, leyfi til sérveiða með dragnót, leyfi til hrognkelsaveiða og önnur veiðileyfi sem gefin eru út á grundvelli 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 skal greiða fast gjald 5 000 kr. fyrir hvert leyfi.

#### 5. gr.

Við útreikning þorskígilda samkvæmt 3. gr. skal miða við eftirfarandi verðmætahlutföll: Þorskur 1.00, ýsa 1.21, ufsi 0.57, karfi 0.52, grálúða 0.77, skarkoli 0.94, rækja 1.00, humar 14.43, hörpudiskur 0.50, síld 0.19 og loðna 0.07.

#### 6. gr.

Gjald samkvæmt 2., 3. og 4. gr. skal innheimt við afhendingu veiðiheimilda.

Gjald fyrir veiðiheimild skal tilgreint á leyfisbréfi. Gjaldið er ekki endurkræft, enda þó veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Gjald samkvæmt reglugerð þessari rennur til rekstur veiðieftirlits sjávarútvegsráðuneytis.

#### 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða og öðlast gildi 1. janúar 1991. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 638/1989.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 18. desember 1990.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Árni Kolbeinsson.*